



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19

Dags.: 12.04.2021

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Haraldur Haraldsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Teymið fundar einu sinni í viku, þ.e. á fimmtudögum kl.13. Þess á milli hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af samskiptum og fundum teymisins.

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 11. mars 2021:
Nýjar reglur í bígerð. Áfram grímuskylda á Silfurtúni. Upplstrarkeppni í skólanum tekin upp og send á foreldra, bara börn, starfsmenn og dómarar í húsi. Verið að skoða árshátíð og mögulega framkvæmd á henni. Umræða um fermingarferðir og sóttvarnir sem gilda þar.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 16. mars 2021:
Ný reglugerð sem gildir frá 18. mars, helstu breytingar er að verið er að taka fyrir mögulega blöndun fólks á viðburðum.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 18. mars 2021:
Verið að fara gefa út nýjar leiðbeiningar fyrir Silfurtún. Ný reglugerð varðar fyrst og fremst skólana, snertir helst á árshátíð hjá Auðarskóla ef á að halda hana. Smit eru að greinast utan sóttkvíar sem erfitt er að rekja, áhyggjumál.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 18. mars 2021:
Talað um að halda áfram grímuskyldu á Silfurtúni þar til starfsmenn verða bólusettir að fullu.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 24. mars 2021:
Fréttir af hertum sóttvarnaaðgerðum sem taka gildi á miðnætti.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 25. mars 2021:
Staða og þróun smita.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 25. mars 2021:
Skólahald fellur niður til 31. mars og þá tekur páskafrí við. Starfsfólk kom saman á vinnudegi í dag og gekk frá hlutum þannig að undirbúið væri ef skólahald yrði rafrænt eftir páska. Grunnskólinn þannig undirbúinn en eftir að ganga frá leikskóla. Einhver starfsemi á morgun í Auðarskóla en búið að skipta starfsfólki niður. Búið að tala við foreldra í leikskóla. Umræður um hvað hægt er að gera til að koma í veg fyrir óþarfa áhættu. Strangar skilyrði um nálægð og grímunotkun sem er að sjálfsögðu fylgt eftir. Engar leiðbeiningar komnar varðandi hjúkrunarheimilin en þar er staðan líka sú að búið er að bólusetja heimilisfólk. Búið að loka sundlaug. Sótthreinsun aukin í Stjórnsýsluhúsi og gestamóttaka færð fram í fundarsal. Póstur sendur út á deildarstjóra um að gæta að nýjum reglum. Staða smita á Vesturlandi þó áfram góð

miðað við fjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Kæmist smit inn í Dalabyggð eru allar líkur á því að það færi fljótt um. Þó gætt að því að reglur mæti mismunandi þörfum barna og foreldra. T.d. í fyrra var leikskólinn lokaður nema fyrir skilgreindan forgagnshóp. Jörvagleði var í skipulagi, búið að endurskoða dagskrá. Átti að vera 4 dagar með ýmsum viðburðum og uppákomum en verður færð mikið í fjarfundabúnað og slíkt. Árhátíð í skóla mögulega færð í streymi/upptöku.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. mars 2021:
Staða og þróun smita.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. mars 2021:
Fundað á mánudegi vegna páska. Hertar reglur áfram, ekkert aukalegt við þær frá síðasta fundi. Sundlaug lokuð áfram. Skólinn kominn í páskafrí. Silfurtún fylgir hertum reglum og heimsóknarreglur settar fyrir páska og eitthvað áfram. Staða á spritti, grímum og hönskum góð. Stendur til að hafa verklegt námskeið í lok apríl hjá slökkviliði og verður skoðað þegar nær dregur. Eftir páska byrjar skóli að nýju ef ekkert breytist fram að því, tilbúið með fjarfundabúnað ef þarf.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. apríl 2021:
Farið yfir stöðuna. Skólastarf að mestu leyti óbreytt en skipulagið meira hugsað út frá tveimur rýmum. Áhersla á handþvott og grímunotkun aukist að nýju. Engin sjálfsafgreiðsla í mötuneyti, aðstoðað við að skammta mat. Árhátíð tekin upp. Óbreytt staða á Silfurtúni og gilda heimsóknarreglur sem birtar voru fyrir páska áfram.